

HAFNARFJARÐARBÆR

Umhverfis- og
skipulagsþjónusta



www.hafnarfjordur.is

Ásvellir



6. fundur starfshóps um uppbyggingu Ásvalla var haldinn á Ásvöllum ,
þann 10. september 2015 kl. 17:15.

Viðstaddir voru.

Starfshópur.

Helga Ingólfssdóttir, formaður	HI
Helga B Arnardóttir	HBA
Friðþjófur H Karlsson	FHK
Samúel Guðmundsson	SG
Þorgeir Haraldsson	ÞH
Ágúst Sindri Karlsson	ASK

Með starfshópnum starfa:

Sigurður Haraldsson	SH	Sviðsstjóri
Geir Bjarnason	GB	Íþróttafulltrúi forföll – gleymdist að breyta nafni
Magnús Gunnarsson	MG	Framkvæmdastjóri Hauka

Eftirfarandi var tekið fyrir.

1. **Samþykkt fundargerða:** 5. fundargerð samþykkt.

2. Staða á framkvæmdum vegna gervigrass.

Farið var yfir heildarkostnað vegna gervigrass.

Heildarkostnaður er um 97 m króna sem skiptist 90% Hafnarfjarðarbær og 10% Haukar. Farið var í verðkönnun vegna gervigrass og gerður hefur verið samningur við Metatron vegna gervigrassins. Það sem eykur kostnað við framkvæmdina er að hitalagnir undir gervigrasið var ekki hægt að endurnýta, það er þær voru í mun lakara ástandi en áætlað var. Haukar hafa fengið tilboð í allfesta verkþætti og hefur það skilað inn hagræðingu í verkið.

Þá var farið yfir stöðu á framkvæmdunum og eru menn bjartsýnir að framkvæmdin klárast fyrir frost.

3. Fjöldatölur í félaginu og yfirlit yfir æfingartíma eftir húsum.

HI ræddi um að fá iðkendatölur frá Haukum eftir íþróttagreinum. Nokkur umræða var um þetta mál og ætla Haukar að koma tölum til starfshópsins.

4. Ástand húss og svæðis.

SG fór yfir þörf á viðhaldi eignarinnar og útsvæðis. Sérstaklega þarf að komast fyrir leka í húsinu. Húsnæðið var skoðað í lok fundar sem og framkvæmd við gervigrasvöll.

Næsti fundur verður boðaður sérstaklega.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:45.